



Helga Þórsdóttir
nefndaritari
Alþingi

Reykjavík 4. apríl 2000

Vísam í bréf dags 27. mars 2000, þar sem Alþingi óskar eftir umsögn Læknadeildar um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almennar tryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Að mestu leyti fjallar frumvarpið um atriði sem snerta að litlu leyti Læknadeild og því sér deildin ekki ástæðu til viðamikilla athugasemda.

2. gr.:

"Ráðherra skipar forstjóra Lyfjamálastofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum reksrti."

Hér eru ekki gerðar neinar faglegar kröfur um forstjóran, þ.e. varðandi memntun og reynslu. Það er ólíkt því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og hlýtur að teljast mjög óeðlilegt.


4. grein:

Lyfjanefnd Lyfjamálastofnunar virðist að mestu óbreytt frá Lyfjanefnd ríkisins sem nú situr. Mönnunin er óbreytt en spyrja má hvort ekki sé æskilegt að a.m.k. einn læknir sem situr í nefndinni skuli vera kennari við Læknadeild helst á sviði kliniskrar lyfjafræði eða lyflæknisfræði. Væri ekki óeðlilegt að Læknadeild hefði tillögurétt um að minnsta kosti einn lækni í nefndina. Virðist síst minni ástæða til að Læknadeild tengist starfi lyfjanefndarinnar en nefndarinnar sem greint er frá í 29. gr. sem ákveður greiðslu þátttöku sjúkratrygginga í greiðslu á nýjum lyfjum.

Loks tvær ritmálsathugasemdir í 5. gr. 2. tölulið virðist lokaorðum "eða færa hana í rétt horf" ofaukið. Þá er í 16. gr. talað um að lyfjaauglýsing fari í bága við en á auðvitað að vera brjótí í bága við.

Læknadeild hefur að öðru leyti engar athugasemdir við fyrrnefnd frumvarp og telur flest í frumvarpinu standa til bóta.

Virðingarfyllst,


Jóhann Ág. Sigurðsson, prófessor
forseti læknadeildar

